

skiftingu sóknarinnar í tvent, Staðarsókn og Hesteyrarsókn, skal yður **30**  
 hjermeð til vitundar gefið að ráðuneytið samkvæmt tillögum yðar sam- 6. apríl  
 þykkir að Aðalvíkursókn verði skift í tvær sóknir, Staðar- og Hesteyrar-  
 sóknir, þannig að Staðarsókn verði Aðalvíkin sjálf og Rekavík „bak Lát-  
 ur“, en í Hesteyrarsókn verði Hesteyrarfjörður, Fljót og Hornstrandir,  
 og að fjárhagur kirknanna verði aðskilinn frá nýári 1927 og sóknar-  
 nefndir kosnar á komandi vori.

## SAMÞYKT

fyrir

**fjelagið „Hjeraðsvatnafyrirhleðslan“.**

**31**

8. mars

### 1. gr.

Verkefni fjelagsins er að varna því með fyrirhleðslugörðum eða öðrum nauðsynlegum mannvirkjum, að Hjeraðsvötn brjóti sjer farveg út með Vindheimabrekkum sem hætt er við að valdi skemdum á jörðum fjelagsmanna.

### 2. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna: Vindheima, Borgareyjar, Stokk-  
 hólma, Mikleyjar, Húsabakka, Markbælis, Glaumbæjar, Jaðars, Mikla-  
 garðs, Hátúns, Halldórsstaða, Seylu, Brautarholts, Grófargils, Holtskots,  
 Geldingarholts, Krossaness, Löngumýrar, Bakka, Valla, Vallaness, Ytra  
 Vallholts, Syðra Vallholts, Húseyjar, Álftagerðis, Reykjarhóls, Brekku,  
 Viðimýrar, Grænhóls, Sjávarborgar, Geitagerðis, Reynistaðar, Ögmund-  
 arstaða, Víkur, Pyttagerðis, Holtsmúla, Stórugrafar, Litlugrafar, Páfa-  
 staða, Kjartansstaðakots, Kjartansstaða.

Nú þykir nauðsynlegt eða rjettmætt að bæta við í fjelagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr fjelagsskapnum en næst ekki til þess sam-  
 þykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar  
 atvinnuáráðherra sbr. 76. gr. vatnalaganna.

### 3. gr.

Stjórn fjelagsins skipa 5 menn, er kosnir skulu til þriggja ára í  
 senn, og ganga tveir úr á ári, tvö fyrstu skiftin eftir hlutkesti.

**31** Stjórnin velur sjer formann og skiftir með sjer verkum. Á aðal-  
8. mars fundi skal og kjósa 2 menn til þess að endurskoða reikninga fjelagsins.

#### 4. gr.

Aðalfund fjelagsins skal halda fyrir júlímánaðarlok ár hvert. Skal þar framlagður endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Þar skal og taka ákvarðanir um framkvæmdir fjelagsins á komandi ári.

Fundur er lögmætur ef helmingur fjelaga er mættur. Til samþykta á fjelagsmálum þarf einfaldan meiri hluta mætttra atkvæða, en til breytingar á samþykta þessari þarf  $\frac{2}{3}$  hluta mætttra atkvæða. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar ef þörf krefur, en skylt ef  $\frac{1}{4}$  fjelagsmanna æskja þess. Atkvæðisrjett um fjelagsmál hafa allir eigendur framangreindra jarða, og gildir 1 atkvæði fyrir hverja landareign.

Til aðalfundar skal boða með viku fyrirvara á þann hátt sem venja er að boða til sveitarfunda. Í fundarboðinu skal getið dagskrár fundarins.

Formaður kveður til stjórnarfunda svo oft, sem honum þykir þurfa, svo og ef einhver meðstjórnenda æskir þess. Skylt er stjórninni að halda gjörðabók. Þar skal og rita fundargjörðir fjelagsfunda.

#### 5. gr.

Kostnaði við viðhald og umbætur varnargarðs þess sem gjörður hefir verið, skal fjelagsstjórn jafna á hlutaðeigandi jarðeignir í rjettu hlutfalli við fasteignamat á landi jarðanna. Eftir sama hlutfalli skal skifta öðrum árlegum kostnaði. Verði ágreiningur um skifting kostnaðar, ber að leggja hann undir úrskurð þar til dómkvaddra manna, og að öðru leyti fer um hann eftir gildandi lögum.

Nú þykir nauðsynlegt að gera ný mannvirki til varnar vatns-ágangi og skal þá jafna kostnaðinum á fjelagsmenn á sama hátt, að frá-dregnum þeim hluta hans, sem kann að fást greiddur annarsstaðar að.

#### 6. gr.

Formaður fjelagsstjórnar hefir á hendi umsjón með mannvirkjum þeim, sem gerð verða. Hann skal og halda alla reikninga fjelagsins, og annast greiðslur. Skal hann í samráði við meðstjórnendur sína annast um að gert verði við bilanir svo fljótt sem auðið er, svo að fyrirhleðslan sje jafnan sem tryggust.

Fjelagsmenn skulu ávalt að öðru jöfnu sitja fyrir öðrum um vinnu fyrir verkamenn og hesta.

## 7. gr.

31

Allan sameiginlegan kostnað skal fjelagsstjórnin innheimta með nægilegum fyrirvara. Ef tregða verður á með greiðslur, er heimilt að taka gjöldin lögtaki. 8. mars

Til þess að standa í skilum með árlegar greiðslur kostnaðar er stjórninni heimilt að taka bráðabirgðalán, sem jafnan greiðist að fullu á sama reikningsári með niðurjöfnuðum gjöldum fjelagsmanna.

Vexti af slíku láni má telja með öðrum kostnaði. Reikningsár fjelagsins er almanaksárið.

## 8. gr.

Nú telur atvinnumálaráðherra eftir tillögum ráðunautar landsstjórnarinnar í vatnamálum, að nauðsyn sje umbóta á varnargörðum eða nýrra mannvirkja frekar en fjelagsstjórn hefir áformað, og skal þá fjelagsstjórn skylt, er hún hefir fengið tilkynningu þar um, að láta framkvæma þau verk svo fljótt, sem nauðsyn krefur og ástæður leyfa.

## 9. gr.

Nú þykir ráðlegt eða nauðsynlegt að slíta fjelaginu og fer þá um tillögur þaraðlútandi sem um tillögur til breytingar á samþykkt þessari, sbr. 4. gr. enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykkt um fjelagsslitin.

## 10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 5—200 kr., sem renna í fjelagssjóð.

## 11. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal fara sem almenn lögreglumál.

Samþykkt þessi er hjermeð sett samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 8. mars 1927.*

Magnús Guðmundsson.

*Vigfús Einarsson.*